**Einangrari**
pöntunar-nr : 0581 00

**notkunnarleiðbeining**

# 1 Öryggisleiðbeiningar

**Einungis faglærðir rafvirkjar mega sjá um innbyggingu og uppsetningu rafmagnstækjanna.**

**Ef leiðbeiningum er ekki fylgt getur tækið skemmst, eldur komið upp eða önnur hætta skapast.**

**Hætta á raflosti frá öllum hlutum Bus-kerfisins. Í uppsetningu með gagnabraut skal hylja ónotuð gagnabrautarsvæði með límbandi.**

**Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.**

# 2 Tækjalýsing




mynd 1: Deyfispóla - framhlið

(1) Bus-tengi
(2) Tenging DC 30 V
(3) Endurstilla ljósdíóðu, rauð
Kveikt: Slökkt er á Bus-spennu; skammhlaup í Bus-lögn.
(4) Endurstillingarrofi fyrir Bus-lögn
Stilling **ON**: Bus-lögn er virk
Stilling **Reset**: Bus-lögn verður endurstillt

ⓘ Bus-endurstilling ætti að vara í að minnsta kosti 20 sekúndur.

# 3 Aðgerð

### Kerfisupplýsingar

Þetta tæki er framleitt af KNX-Systems og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á námskeiðum KNX er nauðsynleg til að skilja uppbyggingu og vinnslu tækisins.

### Rétt notkun

- Bus-lögn og straumfæðing aftengd
- Uppsetning á hattbraut samkvæmt DIN EN 60715 í deilistöð.

**Eiginleikar tækis**

- Getur unnið með eða án KNX gagnabrautar
- Tenging við gagnabraut með fjaðurtengibúnaði
- Tengi fyrir Bus-klemmu og straumfæðingu
- Endurstillingarrofi sem aftengir Bus-lögn
- Gaumljós fyrir stöðu endurstillingar

## 4 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja

**HÆTTA!**

**Raflost ef komið er við spennuhafa hluti hjá uppsetningarstað.**

**Raflost getur verið banvænt.**

**Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!**

## 4.1 Uppsetning og straumtenging

**Setja upp og tengja tæki með gagnabraut**




mynd 2: Uppsetning með gagnabraut og límbandi

Gagnabraut (6) límd í hattbraut (5).

- Smella tæki á hattbraut.
- Hylja skal ónotuð gagnabrautarsvæði með límbandi (7).
- Tengja straumfæðingu við klemmu (2).
- Tengja snúruna við klemmuna (1).

i Ekki nota tækið nema tengiklemmu sé stungið í samband.

**Setja upp og tengja tæki án gagnabrautar**




mynd 3: Einangra tengi gagnabrautar

- Fjarlægja hlífar (8) gagnabrautartengja á bakhlið tækisins. Litlu skrúfjárni er stungið frá hlið inn á milli húss og hlífar (8) og hlífin spennt frá.
- Hjálögð einangrunarhetta (9) sett á gagnabrautartengin og þrýst í réttar skorður.
- Smella tæki á hattbraut.




mynd 4: Dæmi um tengingu: Straumfæðing, tvær lagnir og ein aðallögn

- Tengja straumfæðingu við klemmu (2).
- Tengja snúruna við klemmuna (1).

# 5 Viðauki

## 5.1 Tæknilýsing

| | |
|---|---|
| KNX-miðill | TP 1 |
| Málstraumur | 640 mA (Allir útgangar) |

Tenging DC 30 V

| | |
|---|---|
| Inntak spenna | DC 29 ... 32 V SELV |
| Tenging | Tengiklemma |
| BUS-tenging | |
| Bus-úttaksspenna | DC 28 ... 31 V SELV |
| Tenging | Tengiklemma |
| Umhverfishitastig | -5 ... +45 °C |
| Geymslu- og flutningshitastig | -25 ... +70 °C |
| Ísetningarbreidd | 36 mm / 2 TE |

## 5.2 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

**Gira**
**Giersiepen GmbH & Co. KG**
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-399

www.gira.de
info@gira.de